


**Erindi: Suðurnesjalína 2 – beiðni um umsögn um frummatsskýrslu, málsnr. 1801284.**

Með vísan til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 31.05.2019, tilvísunarnr. 201901126/5,3 er eftirfarandi umsögn gefin:

Í aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 á bls. 100 segir:

*“Búrfellslína 3B liggur til suðausturs áleiðis að Sandskeiði. Landsnet fyrirhugar að leggja til viðbótar tvær 400 kV línur til að tengja Hamranes við Brennimer og Kolviðarhól vegna virkjana á Hellsheiði. Með þessu er stefnt að því að auka afhendingaröryggi raforku á svæðinu og styrkja orkuflutningskerfið til að anna framtíðarflutningsþörf vegna aukinnar orkuframleiðslu, atvinnuuppbyggingar og þjónustu við dreifiveitur. M.a. hugmyndum um stóriðju á Suðurnesjum og frekari virkjanahugmyndum á svæðinu. Þessar línur verða lagðar í nýtt línustæði að tengivirkinu í Hrauntungum. - 132 Kv: Suðurnesjalína 1 til vesturs að Keflavík, hún er í eigu Landsnets. Hún verður rifin á skipulagstímabilinu, og fyrirhugað er að leggja í staðinn tvær nýjar 220 kV línur nokkuð sunnan fyrirhugaðs Ofanbyggðavegar frá tengivirkinu til Reykjaness.”*

Það er mat undirritaðs að fyrirliggjandi frummatsskýrsla samræmist vel þeim hugmyndum í greinagerð aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 er varðar legu og breytingar á rafveitukerfi Landsnet innan marka Hafnarfjarðar.



Hlutamynd úr aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025



## HAFNARFJÖRÐUR

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 gerir ráð fyrir legu loftlínu frá tengivirki í Hrauntungum til vesturs að sveitarfélagsmörkum til Reykjaness. Ekki er gert ráð fyrir öðrum valkostum er varða legu “Suðurnesjalínu 2” innan marka Hafnarfjarðar

Um valkosti eins og t.d. jarðstreng meðfram SN1 má segja að það samræmist þeim sjónarmiðum, sem fram koma í greinagerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 þegar fjallað er um s.k. Hnoðraholtslínu en þar segir:

*“Hnoðraholtslína sem er nýkomin í eigu Landsnets liggur frá Geithálsi að tengivirkinu við Hamranes og þaðan inn til Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Hluti línunnar hefur verið lagður í jarðstreng, og það er krafa Hafnarfjarðar að línan verði öll lögð í jarðstreng innan lands Hafnarfjarðar.”*

Það er mats undirritaðs að frummatsskýrslan gerir á fullnægjandi hátt grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim. Með vísan til greinagerðar og aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 er lögð á það áhersla að valskotur C samræmist best þeim skipulagslegum sjónarmiðum sem þar er að finna.

Að því gefnu að að ákvæðum 13. og 14 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sé fullnægt, má gera ráð fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi 15. gr. skipulagslaga og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Ekki liggur fyrir gilt deiliskipulag tengivirkis í Hrauntungum en brýnt væri að hefja vinnu við það sem fyrst.

Virðingarfyllt.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.